

Tillaga	A 1962
Flytjandi	Norræna sjálfbærninefndin
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

A 1962/UHN Nefndartillögur um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að innleiða almenna skattlagningu á losun gróðurhúsalofttegunda sem er hærri en nú tíðkast og verji því aukafjármagni til þess að fjárfesta í nýsköpun í grænni tækni, í græna valkosti og grænar ávísanir til þeirra sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að mengunarbótareglan verði fest betur í sessi í umhverfislöggjöf hvers ríkis.

Bakgrunnur

Til þess að ná settum markmiðum í grænum umskiptum er nauðsynlegt að öllum gefist kostur á grænum valkostum og að sköpuð verði tækifæri og mótaðar stefnur í því skyni að veita einstaklingum og fyrirtækjum öryggi í grænum umskiptum. Græna skattkerfið á að vera hvatning til grænnar neyslu jafnframt því að viðhalda grænu jafnvægi. Almennir borgarar eiga að fá uppbót í grænum skattaumbótum til að þeir aðilar sem losa gróðurhúsalofttegundir borgi brúsann að mestu leyti.

Viðskipti með losunarheimildir eru gott dæmi um þessa mengunarbótareglu. ESB hefur ákveðið verð á losun eins tons af koldíoxíð og selt ákveðinn fjölda losunarheimilda á því verði. Norðmenn og Íslendingar hafa einnig gerst aðilar að viðskiptum með losunarheimildir. Fyrirtæki í aðildarríkjum ESB geta stundað innbyrðis viðskipti með losunarheimildir með markaðslegum hætti. Kerfið byggist á því að losunarheimildum fækkar með ári hverju til þess að ESB geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu og pakkanum „Fit for 55“ sem var samþykktur nýlega og felur í sér minnkun á losun koldíoxíðs um 55%.

Þörf er á að innleiða almennan og flatan skatt á losun gróðurhúsalofttegunda, óháð því hvaðan losunin berst. Skatturinn á að hækka í skrefum frá ári til árs og með því stuðla að



nýsköpun í grænni tækni og veita mörkuðum meiri hvata til að fylgja grænum umskiptum og laga sig að sjálfbærni til framtíðar.

Vinna þarf að kerfi með leiðbeiningum um græna skattlagningu frekar en sértaka tillögu um skattþrep, sem verður öðrum löndum heims hvatning til að fylgja dæmi okkar.

Við vinnum ekki á loftslagsvánni nema með sameiginlegu átaki.

Sjónarmið nefndarinnar

Í ljósi ályktunar Norðurlandaráð æskunnar ákvað nefndin að vinna nefndartillögu um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar.

Græn gjöld hafa unnið sér sess í umhverfislöggjöf norrænu landanna og nefndin veitir því athygli að norræn rannsókn sýnir að Norðurlandabúar hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og hafa vilja til að auka aðgerðir, jafnvel þótt þær feli í sér breytta hegðun eða hærrí skatta. Um það bil helmingur aðspurðra er sammála því að verja þurfi meira fjármagni í baráttuna gegn loftslagsbreytingum jafnvel þótt það hafi í för með sér skattahækkunir¹.

Álit nefndarinnar er að ríkisstjórnir Norðurlanda ættu að sameinast um sameiginlega metnaðarfulla skattlagningu á losun gróðurhúsalofttegunda og eflingu meginreglunnar um að „losarinn borgi“ til þess að efla norrænar aðgerðir í loftslagsmálum og tryggja og nýta hið norræna samkeppnisforskot.

Flokkahópur miðjumanna, flokkahópur jafnaðarmanna og Norræn vinstri græn styðja tillöguna. Norrænt frelsi og meðlimur utan flokkahópa styðja ekki tillöguna. Flokkahópur hægrimanna getur ekki stutt tillögulið 2.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

Tove Elise Madland (A)

Rebecka le Moine (MP)

Marianne Bigum (SF)

Åsa Karlsson (S)

André N. Skjelstad (V)

Karin Gaardsted (S)

Bella Forsgrén (gröna)

Johan Andersson (S)

¹ [In all fairness: perceptions of climate policies and the green transition in the Nordic Region \(norden.org\)](https://www.norden.org/en/publications/in-all-fairness-perceptions-of-climate-policies-and-the-green-transition-in-the-nordic-region)

